

SIÐAREGLUR SÁLFRÆÐINGA Á NORÐURLÖNDUM

FORMÁLI

Grundvallarreglur faglegra siðareglna eru í samræmi við almennar siðareglur. Á meðal sameiginlegra gilda eru réttlæti, jafnrétti og virðing fyrir sjálfstæði og reisn einstaklinga og samfélögum þeirra. Sálfræðingar virða grundvallarreglur mannréttinda eins og þau eru skilgreind í alþjóðlegum samningum og mannréttindasáttmálum. Hins vegar eru störf sálfræðinga þess eðlis að upp geta komið sérstakar aðstæður sem stundum kalla á erfiðar ákvarðanir og siðferðilega ígrundun. Því nægja almennar grundvallarreglur siðareglna ekki einar og sér. Þess vegna hafa sálfræðingar sett fram siðareglur til að leiðbeina og styðja við siðferðilega ígrundun.

Siðferðileg ígrundun skal vera ráðandi í öllu faglegu starfi. Siðferðilegar afleiðingar skal hafa í huga sem hluta af starfsumhverfinu ásamt lagaramma, faglegu umhverfi og öðru umhverfi.

EFPA (European Federation of Psychologists' Associations) samþykkti Meta-Code of Ethics árið 1995. Meta-Code fjallar um allar þær aðstæður sem sálfræðingar þurfa að glíma við í starfi.

Sálfræðingafélögin á Norðurlöndum hafa farið eftir sameiginlegum siðareglum frá níunda áratug síðustu aldar. Árið 1997 voru þessar reglur endurskoðaðar í samræmi við Meta-Code of Ethics frá EFPA og árið 2020 í samræmi við Model Code of Ethics frá EFPA. Þrátt fyrir það standa siðareglur sálfræðinga á Norðurlöndum sjálfstætt og heyra ekki undir siðareglur EFPA. Skilgreiningarnar hafa enn fremur verið byggðar á vaxandi þörf á breytingum á siðareglunum til að auka áherslu á siðferðilegan skilning og ígrundun.

Siðareglunum er skipað undir fjórar frumreglur:

- Virðing fyrir réttindum og reisn einstaklingsins
- Fagleg hæfni
- Ábyrgð
- Fagleg heilindi

Reglunum er ætlað að:

- Hjálpa sálfræðingum á Norðurlöndum að taka afstöðu til siðferðilegra álitamála
- Vernda skjólstæðinga gegn óviðeigandi og/eða skaðlegum aðferðum
- Greiða fyrir samstarfi meðal sálfræðinga og á milli sálfræðinga og annarra faghópa
- Varðveita traust almennings á aðferðum sálfræðinga
- Skapa grundvöll fyrir leiðbeiningar og ráðgjöf á sérstökum sviðum innan sálfræði

Þessar siðareglur eru eingöngu ætlaðar sálfræðingum. Það er því ekki hægt að túlka þær með tungutaki og skilningi annarra faghópa á sama hátt og til að mynda lagagreinar.

Grundvallarreglur faglegra siðareglna eiga við um fagleg störf sálfræðinga. Þessi faglegu störf fela í sér allar aðstæður þar sem sálfræðingar eiga í faglegum tengslum við einstakling, hóp eða stofnun.

Einnig er farið að siðareglum í faglegum störfum sem verða ekki beinlínis talin sálfræðileg en eru engu að síður unnin af sálfræðingum í krafti færni sem fengin er með sálfræðimenntun og þjálfun.

Sálfræðingafélögin á Norðurlöndum bera ábyrgð á því að hvetja til og glæða siðferðilega ígrundun og umræðu meðal félagsmanna sinna, til dæmis með fræðslu og ráðgjöf. Félögin vænta þess einnig að félagsmenn þroski skilning sinn á siðferðilegum álitamálum í faglegu starfi.

Okkur, sem meðlimum sálfræðingafélaganna á Norðurlöndum, er skylt að ígrunda störf okkar og haga þeim í samræmi við siðareglurnar. Sálfræðingafélögin bera ábyrgð á því að rannsaka allar kvartanir er varða félag þeirra og eiga að taka afstöðu til slíkra kvartana og mögulegra viðurlaga.

1. INNGANGUR

Sálfræðingar byggja störf sín á vísindalegri þekkingu og staðfestri faglegri reynslu. Sálfræðin sem fræði- og starfsgrein er í stöðugri þróun þar sem ný og margbrotnari þekking og aðferðir verða til. Samfélagslegar breytingar skapa sífellt nýjar og vandasamar aðstæður og því er mikilvægt að sálfræðingar þekki eigin takmarkanir og geti snúið sér til starfsfélaga og annarra fagaðila til að öðlast meiri þekkingu og færni.

Með faglegri þekkingu sinni þjóna sálfræðingar margvíslegu hlutverki í fjölbreyttum aðstæðum og beita margvíslegum aðferðum. Sálfræðingar búa yfir nauðsynlegum úrræðum til að koma á þýðingarmiklum breytingum á aðstæðum einstaklinga, hópa og stofnana. Sálfræðingar hafa vald til að hafa djúpstæð áhrif á líf fólks.

Þetta setur miklar kröfur á siðferðilegan skilning sálfræðinga og hefur verið ein af helstu ástæðum þess að sálfræðingar hafa ákveðið að setja sér siðareglur.

Mörg fagleg tengsl og samskipti í starfi sálfræðinga eru þess eðlis að ekki er unnt að stýra þeim eftir formlegum reglum. Þegar svo ber undir hefur siðferðilegur skilningur, ábyrgð og fagleg færni sérhvers sálfræðings úrslitabýðingu.

Umræða um og þróun á reglum um faglegt siðferði er stöðugt ferli.

2. SIÐAREGLUR

Skilgreining á skjólstæðingi

Í eftirfarandi vísar „skjólstæðingur“ til allra einstaklinga, hópa og stofnana sem sálfræðingar eiga í faglegum samskiptum við. Í vissum tilvikum getur hugtakið „skjólstæðingur“ náð yfir aðra aðila, til dæmis fjölskyldu skjólstæðingsins, stofnanaumgjörð skjólstæðingahóps eða skjólstæðinga, sjúklinga eða aðra aðila sem eru hluti af stofnun.

Réttindi og reisin einstaklingsins

Sálfræðingurinn virðir og styður við þróun á grundvallarréttindum, reisin og gildi hvarrar manneskju. Sálfræðingurinn virðir rétt einstaklingsins til einkalífs, trúnaðar, sjálfsákvörðunarréttar og sjálfræðis til samræmis við aðrar faglegar skyldur, Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og gildandi lög.

2.1. VIRÐING

Sálfræðingurinn virðir grundvallarréttindi, reisin og heilindi og starfar þannig að sálfræðiþekking sálfræðingsins sé ekki notuð til að skaða, misnota eða kúga. Sálfræðingurinn virðir þekkingu, viðhorf, reynslu og sérþekkingu skjólstæðinga og annarra viðkomandi aðila. Sálfræðingurinn virðir sérþekkingu, skyldur og ábyrgð starfsfélaga og annarra faghópa.

Sálfræðingurinn tekur tillit til einstaklingsbundins, hlutverkatengds, menningarlegs og félagslegs munar. Sálfræðingurinn ígrundar einnig hvernig einstaklingsbundinn, hlutverkatengdur, menningarlegur og félagslegur munur getur haft áhrif á faglegt starf.

Trúnaður og fagleg þagnarskylda

Sálfræðingurinn virðir þagnarskyldu um trúnaðarupplýsingar um skjólstæðinga og aðra aðila. Þessi regla vísar þó ef skjólstæðingur eða aðrir eru í augljósum háska. Sálfræðingurinn getur einnig verið skyldugur samkvæmt lögum að afhenda upplýsingar. Þegar svo ber undir upplýsir sálfræðingur skjólstæðing um mörk þagnarskyldu samkvæmt lagalegum skilgreiningum.

Upplýst samþykki og valfrelsi

Sálfræðingurinn upplýsir skjólstæðing um fyrirhugaðar aðgerðir og ræðir aðgerðir sínar og líklegar afleiðingar þeirra við skjólstæðinginn. Enn fremur ígrundar sálfræðingurinn hvort afhendingarmáti upplýsinganna sýni tilhlýðilega virðingu og sé viðeigandi að gefinni getu skjólstæðings til að taka við og vinna úr upplýsingum. Með því að veita skjólstæðingi nauðsynlegar upplýsingar til að velja eða hafna þátttöku gerir sálfræðingurinn upplýst samþykki mögulegt.

Sjálfsákvörðunarréttur

Sálfræðingurinn stendur vörð um sjálfræði og sjálfsákvörðunarrétt skjólstæðings. Þetta á einnig við um rétt skjólstæðings til að mynda og rjúfa tengsl við sálfræðing. Í störfum með börnum eða skjólstæðingum sem eru þvingaðir til meðferðar gegn vilja sínum, eða í bráðatilvikum, verður það ávallt að vera meginmarkmiðið að virða sjálfræði skjólstæðingsins og þróa samvinnu.

2.2. FAGLEG HÆFNI

Sálfræðingurinn leitast við að þróa faglega hæfni og viðhalda sem mestum gæðum í störfum sínum. Sálfræðingurinn sækist eftir skilningi á faglegum og persónulegum styrkleikum og veikleikum sínum, til að geta á raunhæfan hátt metið færni sína í að taka að sér verkefni. Sálfræðingurinn tekur tillit til eigin persónulegra kringumstæðna og hvernig þær gætu haft áhrif á persónulega færni sálfræðingsins. Sálfræðingurinn tekur aðeins að sér verkefni, þjónustu og notar aðferðir sem sálfræðingurinn er fær um vegna þjálfunar sinnar og reynslu.

Siðferðilegur skilningur

Forsenda góðrar faglegrar færni er að sálfræðingurinn sé meðvitaður um siðareglur og tileinki sér þær í faglegum störfum sínum.

Þróun hæfni

Sálfræðingurinn byggir störf sín á vísindalegri þekkingu og staðfestri faglegri reynslu. Sálfræðingurinn sækist stöðugt eftir að þróa faglega færni sína með því að fylgjast með þróun í sálfræði sem vísindagrein og sem starfsgrein.

Takmörk hæfni

Sálfræðingurinn starfar eftir því sem þjálfun, reynsla og persónuleg geta leyfa og sækist jafnframt eftir faglegri aðstoð og stuðningi við erfiðar aðstæður.

Takmarkanir aðferða

Sálfræðingurinn er meðvitaður um takmarkanir sálfræðilegra aðferða og þeirra ályktana sem draga má af þeim. Sálfræðingurinn fer sérlega gætilega í að nota aðferðir, hjálpartæki eða tækni sem fullnægja ekki venjulegum aðferðafræðilegum kröfum eða sem sálfræðingurinn hefur ekki fyllilega á valdi sínu.

Takmarkanir sem liggja í umhverfi

Sálfræðingurinn tekur tillit til þess hvernig kringumstæður og aðstæður geta stutt eða hindrað að færni sálfræðingsins og aðferðir nýtist á fullnægjandi hátt.

2.3. ÁBYRGÐ

Sálfræðingurinn er meðvitaður um þá faglegu og vísindalegu ábyrgð sem sálfræðingurinn ber gagnvart skjólstæðingum sínum, þeirri stofnun sem sálfræðingurinn starfar fyrir og samfélaginu sem sálfræðingurinn býr í. Sálfræðingurinn forðast að valda nokkrum einstaklingi skaða og ber ábyrgð á gjörðum sínum. Sálfræðingurinn miðar ávallt að því að tryggja að þjónusta sálfræðingsins sé ekki misnotuð.

Munur á þekkingu og valdi hefur alltaf áhrif á fagleg tengsl sálfræðingsins við starfsfélaga og skjólstæðinga. Því meiri sem þessi munur er, því meiri er ábyrgð sálfræðingsins.

Ábyrgð

Sálfræðingurinn ber persónulega ábyrgð á gæðum og afleiðingum faglegs starfs síns og hefur einnig skilning á því að aðrir líta á sálfræðinginn sem fulltrúa allrar starfsgreinarinnar. Sálfræðingurinn er meðvitaður um hagnýtingu sálfræðipekkingar, bæði í starfi og utan faglegs starfs.

Að forðast misnotkun/skaða

Sálfræðingurinn forðast að misnota sálfræðipekkingu sína eða hagnýtingu hennar og tryggir að allur skaði, sem ekki er umflúinn, sé eins líttill og mögulegt er.

Sálfræðingurinn tekur ekki þátt í athöfnum sem miða að því með líkamlegum eða sálrænum þvingunum (innrætingu, heilapvotti, pyndingum o.s.frv.) eða hótunum um þær að:

- þvinga fram upplýsingar eða játningu frá einhverjum
- fá einhvern til að gefa upp, afneita eða breyta eigin eða annarra lífsviðhorfum, pólitískri, trúarlegri eða siðferðilegri sannfæringu

Sálfræðingurinn beitir sér á virkan hátt gegn því að sálfræðileg þekking sé notuð í slíkum tilgangi og mun gera Sálfræðingafélagi Íslands eða viðeigandi mannréttindasamtökum viðkomandi lands viðvart um slíkt.

Meðhöndlun siðferðilegra álitamála

Sálfræðingurinn gerir sér grein fyrir því að siðferðileg álitamál koma upp í faglegu starfi.

Sálfræðingurinn ber ábyrgð á úrlausn slíkra vandamála og að ræða þau við starfsfélaga, opinberan eftirlitsaðila og/eða Sálfræðingafélag Íslands. Sálfræðingurinn skal einnig upplýsa aðra viðeigandi aðila um þær kröfur sem siðareglur gera.

Áframhaldandi ábyrgð

Sálfræðingurinn ber ábyrgð á því að gera samkomulag við skjólstæðing um skilyrði, framkvæmd, endalok og eftirfylgd hinna faglegu tengsla. Sálfræðingurinn er meðvitaður um ábyrgð sína gagnvart skjólstæðingi eftir að hinum faglegu tengslum er formlega lokið. Eftir að faglegum tengslum við skjólstæðing er lokið verður sálfræðingurinn áfram að taka tillit til þessara siðferðilegu viðmiða.

Aukin ábyrgð

Sálfræðingurinn ber aukna ábyrgð á vísindalegu og faglegu starfi og á framfylgd faglegra siðferðisviðmiða aðstoðarfólks síns og þeim sem sálfræðingurinn leiðbeinir eða þjálfar. Þegar

sálfræðingurinn kennir sálfræðilegar aðferðir fylgir því einnig sú ábyrgð að ræða styrkleika og veikleika þeirra aðferða, sem og mögulega siðferðilega þýðingu þeirra.

2.4. FAGLEG HEILINDI

Sálfræðingurinn temur sér fagleg heilindi á sviði rannsókna, kennslu og hagnýtingar sálfræðinnar. Þetta felur í sér að sálfræðingurinn er heiðarlegur og hlutlaus og kemur fram við hlutaðeigandi aðila af virðingu. Sálfræðingurinn skýrir hlutverk sitt eins vel og auðið er í öllu því samhengi sem sálfræðingurinn starfar.

Hreinskiptni og skýrleiki

Sálfræðingurinn veitir fullnægjandi upplýsingar um færni sína, starfsreynslu, hæfni og skuldbindingu gagnvart faginu og notar aðeins starfsheiti sem menntun, löggilding og ráðning sálfræðingsins heimila.

Þegar sálfræðingurinn tjáir sig sem sálfræðingur skal keppt að hlutlægni og nákvæmni.

Sálfræðingurinn upplýsir um sálfræði og sálfræðistörf þannig að það valdi ekki misskilningi eða skaði sálfræðina sem vísindi eða starfsgrein.

Sálfræðingurinn upplýsir skjólstæðing fyrirfram um fjárhagsleg skilyrði hinna faglegu samskipta og er meðvitaður um þær afleiðingar sem það getur haft ef tekið er við gjöfum eða öðrum greiðum frá skjólstæðingi umfram gjald.

Hagsmunaárekstrar og misnotkun

Sálfræðingurinn keppir að því að vera meðvitaður um þarfir sínar, viðhorf og gildismat og hlutverk sitt í faglegum samskiptum. Sálfræðingurinn skal ekki misnota vald sitt og stöðu með því að notfæra sér að skjólstæðingur er háður sálfræðingnum og treystir.

Sálfræðingurinn forðast tengsl við skjólstæðing utan hinna faglegu samskipta. Slík tengsl geta dregið úr hinni faglegu fjarlægð og leitt til hagsmunaárekstra eða misnotkunar. Sálfræðingurinn er meðvitaður um að nánd og kynhvöt geta beint og óbeint haft áhrif á samband sálfræðings og skjólstæðings. Sálfræðingurinn forðast að sambandið verði persónulegs eða kynferðislegs eðlis. Kynferðislegt samband á milli sálfræðings og skjólstæðings á ekki að eiga sér stað.

3. NOTKUN SIÐAREGLNA

3.1. SIÐFERÐILEGAR LEIÐBEININGAR FYRIR SÁLFRÆÐINGA

Siðareglunum er ætlað að hjálpa sálfræðingum við dagleg störf, íhugun og áætlanir, ásamt úrlausn siðferðilegra álitamála þegar sálfræðingar stunda fag sitt.

Þá er mikilvægt að taka mið af eftirfarandi:

Ábyrgð sálfræðings er metin í tengslum við eðli hinna faglegu tengsla og eðli verkefnisins.

Virk og stöðug umræða skal fara fram til að þróa innihald siðareglanna.

Siðferðileg íhugun

Í hvert sinn sem sálfræðingur ákveður að taka að sér eða hafna verkefni skulu siðferðilegar hliðar málsins ígrundaðar. Þannig skapast og skerpist skilningur og vitund um faglegar siðareglur. Með stöðugri siðferðilegri íhugun á sálfræðingurinn auðveldara með að bera kennsl á siðferðileg álitamál.

Siðferðileg álitamál

Frumreglurnar fjórar eru ætíð innbyrðis háðar hver annari og þær geta stundum stangast á. Siðferðileg álitamál af því tagi krefjast gaumgæfilegrar íhugunar og oft á tíðum samræðu við skjólstæðinga og starfsfélaga, þar sem siðareglur eru vegnar í tengslum hver við aðra. Þótt slíkur árekstur komi upp getur verið nauðsynlegt að taka ákvörðun óháð slíku misræmi og grípa til aðgerða samkvæmt því. Í sálfræðilegu starfi getur þetta þýtt að vissar siðareglur verði að hafa forgang umfram aðrar.

Siðferðileg handleiðsla

Sálfræðingar sem standa frammi fyrir flóknum siðferðilegum álitamálum ráðfæra sig við starfsfélaga og/eða siðanefnd. Slíkt samráð er í sjálfu sér merki um faglegt siðvit en ákvörðun um breytni liggur þó hjá viðkomandi sálfræðingi. Sálfræðingur sem veit að starfsfélagi stendur frammi fyrir siðferðilegri togstreitu býður fram aðstoð sína við að fást við hið siðferðilega álitamál.

3.2. UPPLÝSINGAR FYRIR ALMENNING

Upplýsingaefni ætlað almenningi ber að innihalda upplýsingar um siðareglur sálfræðinga og aðrar gildandi leiðbeiningar.

Sálfræðingar veita eftirlitsaðilum og/eða hlutaðeigandi aðilum fullnægjandi upplýsingar um leiðbeiningar og siðareglur, komi til málareksturs vegna kvartana og mögulegra viðurlaga.

3.3. LEIÐBEININGAR UM MEÐFERÐ KVARTANA

Siðareglurnar eru einnig ætlaðar sem hjálp við að taka afstöðu til kvartana vegna framgöngu sálfræðinga í starfi. Við slíkt mat skal taka tillit til þeirra siðferðilegu álitamála sem kunna að hafa komið upp og ákvarðana sálfræðings um forgangsroðun við siðferðilega íhugun málsins.

Sálfræðingur sem fær vitneskju um eða verður var við að starfsfélagi brjóti gegn siðareglunum skal ræða við viðkomandi sálfræðing og/eða upplýsa siðanefnd Sálfræðingafélags Íslands um málið.